

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2006

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 742 og 788.

Vísað er til óskar nefndarinnar þar sem BHM er gefinn kostur á að gefa álit sitt á framlögðum frumvörpum.

BHM er fylgjandi frumvörpunum en gerir eftirfarandi athugasemdir.

Gert er ráð fyrir að BHM og BSRB skipi sameiginlega stjórnarmann í stjórn Atvinnuleysistryggingarsjóðs en áður höfðu samtökin sinn fulltrúa hvort í stjórninni. BHM telur að svo eigi að vera áfram og þá jafnframt að fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi sinn hvorn stjórnarmanninn. Stjórnarmenn yrðu þá 7 í stað 9 áður.

Sama athugasemd á við um skipun stjórnar Vinnumálastofnunar, rétt er að BHM og BSRB hafi sinn fulltrúann hvort.

BHM fagnar því að tekjutenging atvinnuleysisbóta sé tekin upp en telur hámarkið lágt í ljósi þess að nær allir félagsmenn BHM munu lenda í skerðingu ef til atvinnuleysis kemur. Atvinnuleysisbætur eru fjármagnaðar af atvinnutryggingargjaldi sem er hluti tryggingarstofns. Greiddar eru 0,65% af launum allra launþega, án tillits til fjárhæða. Rétt er því að hámarkið fari hækkandi, sbr. greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Virðingarfyllt,



Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri BHM